

# Samantekt – Foreldrakönnun Skólapúlsins 2026

Svarhlutfall: 83,3%

Þátttakendur: 66

Svarendur: 55

## Daglegt skólastarf

- 94% foreldra eru ánægðir með leikskólann í heild.
- 95% eru ánægðir með líðan barna sinna.
- Mikil ánægja er með samskipti starfsfólks við börn og foreldra, viðfangsefni barnsins og starfshætti.
- 98% eru ánægðir með stjórnun leikskólans.
- Í þáttum sem tengjast leik barna (samverustund, frjáls leikur, hópastarf, útivera) eru yfir 90% sammála um að barnið njóti sín vel.
- Húsnæði og aðstaða:
  - Ánægja jókst úr 71% 2025 í 89%, líklega vegna endurnýjunar á Lóu- og Spóadeild.

---

## Námsumhverfi

### Vinnubrögð og stuðningur

- Yfir 92% foreldra eru sammála um að börn fái viðeigandi stuðning, hvatningu, leiðbeiningar og fjölbreytt skráning sé á námi og þroska barna.
- Starfsfólk er talið hæft og metnaðarfullt.

### Aðstaða og námsrými

- Yfir 97% eru ánægðir með námsumhverfi barna; efnivið, öryggi, aðgengi og tækifæri til leikja, tilrauna og sköpunar.

### Félagsleg samskipti

- 97–100% foreldra eru sammála um jákvæða þætti tengda;
  - Virðingu og félagslegum færniþroska.
  - Leiðsögn um hegðun.
  - Vinatengslum.
  - Tillitssemi.

### Þátttaka án aðgreiningar

- 95% foreldra telja að öll börn tilheyri hópnum óháð uppruna og menningu.

## Samskipti við foreldra

- 85% telja sig fá tækifæri til að miðla upplýsingum og heyra frá skólanum um gengi barns síns.
  - 87% telja sig upplýsta um stefnu og námskrá leikskólans.
  - 95% eru í góðum tengslum við starfsfólk.
  - 87% segja að þeir fái hvatningu til þátttöku.
  - 93% eru sáttir við tímasetningar viðburða.
  - 92% telja upplýsingar á heimasíðu gagnlegar.
  - 90% eru ánægðir með upplýsingamiðlun í gegnum Völu.
- 

## Aðlögun og yfirfærslur

- 95% foreldra eru ánægðir með aðlögun nýrra barna.
  - 100% jákvæð svör varðandi leikskólabyrjun og flutning milli skólastiga.
  - 85% eru ánægðir með flutning barna milli deilda.
- 

## Sérkennsla

- Svörin endurspeglar þá sem nýta þjónustuna en um 4% hafa fengið slíka þjónustu og um 15% hafa óskað eftir einhvers konar þjónustu, bæði innan og utan skólans.
- 

## Heildarniðurstaða

Niðurstöður könnunarinnar eru mjög jákvæðar og sýna sterkt traust foreldra til leikskólans. Helstu styrkleikar eru:

- framúrskarandi líðan og vellíðan barna,
- hæft og metnaðarfullt starfsfólk,
- góð samskipti og fagleg vinna,
- aukin ánægja með húsnæði,
- öflugt og öruggt námsumhverfi.